

o. s. frv. Þær eru eins og náttúrulögin að því leyti, að þær myndast ekki hér og þar til að hverfa aftur, heldur eru stöðugt og vinna stöðugt sitt starf í mannlífínu; enginn getur breytt þeim eða haft þær á sínu valdi.

Einhver vill mäske segja að þetta séu ekki hugsjónir, það sé miklu fremur sálarástand sumra manna. En hvað er hugsjón annað en það, sem menn sjá í hugum sínum. Maðurinn, sem smíðar nýtt verkfæri, sér það líklega í huga sínum áður en hann smíðar það; hann hefir hugsjón. Sá maður, sem ekki er algerlega ánægður með sjálfan sig sem mann, hefir líka hugsjón, hann sér sjálfan sig í huga sínum eins og honum finst hann ætíð að vera. Það sem hann sér að sig skortir til að verða fullkomnari maður en hann er, er hugsjón hans, það þráir hann og þess leitar hann, eftir því reynir hann að lifa og af því vill hann að hugsanir sínar, verk sín og líf sitt alt taki svip.

Á Gamlárskvöld 1912.

Kæru vinir: Þá dregur enn að árslokum. Árið 1912 er í þann veg að enda. Að fáeinum augnablikum er það liðið. Eftir eyktar bið runnið nýtt ár.

Þessi skifting tímans í ár og áratuga er eitt af því sem oft hefir vakið mér hugsun. Sérstaklega þegar ég athuga hvað því veldur. Í sjálfu sér er tíminn einn og eilífur. Það er hvorki árið eitt eða árið 1912. Tíminn er ein óslitin töf eða bil er hvergi byrjar og hvergi endar. Alstaðar, við yztu stjörnu, við syðstu takmörk himinhvölsins, við austurbrún dags, við náttmál í vestri, er tíminn hinn sami, einn, endalaus, eilífur, óslittinn.

Hann er eins og fljót, ef svo mætti samlíkja, fljót er félli yfir þveran heim. Fljótið er eitt og hið sama, sístreymandi. Upptök þess eru fyrir utan heim, enginn veit hvar, ósar þess